

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis

Ársskýrsla 2024



apríl 2025
Anton Helgason,
heilbrigðisfulltrúi

Efnisyfirlit

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2024	2
Stjórnsýsla og rekstur.....	2
Eftirlitsferðir 2024	7
Hollustuhættir	8
Mengunar- og umhverfiseftirlit	10
Matvælaeftirlit	16
Endurskoðun á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 7/1998.....	18
Lokaorð	21

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2024

Starfsskýrslan er kynning á starfsemi heilbrigðiseftirlits en jafnframt samantekt um starfið á árinu. Starfsskýrslan er send á rafrænu formi til sveitarfélaga, Umhverfis- og orkustofnunar, Matvælastofnunar, Matvælaráðuneytis og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Einnig verður skýrslan aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins www.hevf.is

Stjórnsýsla og rekstur

Stjórnsýslulega er heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða er eitt af 9 heilbrigðiseftirlitssvæðum sem starfrækt eru á vegum sveitarfélaga á Íslandi. Að Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða standa 9 sveitarfélög. Heilbrigðiseftirlit er rekið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. en þar segir m.a. „*Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits*“ og „*Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði*“.

Vestfjarðasvæði nær yfir Vestfjarðakjálkann, skorinn frá um botn Gilsfjarðar og þvert yfir í Bitruna á Ströndum.

Íbúafjöldi á svæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 1. janúar 2025 var 7176 íbúar og hafði fjölgað um 8 íbúa frá fyrra ári.

Tafla 1. Íbúafjöldi 1.janúar

Íbúafjöldi 1. janúar						
Íbúafjöldi 1. janúar	2025	2024	2023	2022	2021	2020
Ísafjarðarbær	3832	3797	3730	3840	3794	3809
Vesturbyggð	1314	1106	1104	1131	1064	1021
Bolungarvíkurkaupstaður	995	989	973	956	958	955
Strandabyggð	405	414	412	424	435	457
Tálknafjarðarhreppur		250	258	255	268	251
Reykhólahreppur	246	236	239	233	236	262
Súðavíkurhreppur	209	219	223	215	201	208
Kaldrananeshreppur	115	104	113	109	110	109
Árneshreppur	60	53	47	42	42	43
	7176	7168	7099	7205	7108	7115

Heilbrigðisnefnd

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd eru kosnir til fjögurra ára í senn á fyrsta Fjórðungsþingi eftir sveitarstjórnarkosningar. Í heilbrigðisnefnd eiga sæti sex fulltrúar, fimm eru kosnir og tilnefna Samtök atvinnurekenda einn fulltrúa í nefndina. Á Fjórðungsþingi sem haldið var 8. – 10. september 2022 á Patreksfirði var ný heilbrigðisnefnd kosin. Við val í heilbrigðisnefnd hefur landfræðileg staðsetning nefndarmanna tekið mið af gömlu heilbrigðisnefndunum.

Heilbrigðisnefnd 2023-2026

Aðalmenn	Varamenn
Jónas Þór Birgisson, Ísafjarðarbæ - <i>formaður</i>	Hjalti Karlsson, Ísafjarðarbæ
Lilja Magnúsdóttir, Vesturbyggð	Friðbjörn Steinar Ottósson, Vesturbyggð
Guðbjörg S. Þrastardóttir, Ísafjarðarbæ	Guðmundur Ólafsson, Ísafjarðarbæ
Guðrún Ingibjörg Halldórsdóttir, Súðavíkurbhreppi	Guðfinnur Ragnar Jóhannsson, Bolungarvíkurkaupstað
Jón Hörður Elíasson, Kaldrananeshreppi	Ingibjörg Kristjánsdóttir, Reykhólahreppi
Einar Valur Kristjánsson fulltrúi atvinnurekenda	Hólmfríður Vala Svavarsdóttir

Fundur heilbrigðisnefndar 2024

Heilbrigðisnefnd fundaði 5 sinnum á árinu 2024. Milli funda er unnið í samráði við formann. Helstu mál á fundum heilbrigðisnefndar voru:

- 15. febrúar var fjallað um ársreikning 2023 og gjaldskrá. Ráðning nýs starfsmanns. Álagning dagsekta á Kampa vegna fráveitumála
- 18. apríl. Starfsskýrsla heilbrigðiseftirlits fyrir 2023 kynnt. Breyting á gjaldskrá og ráðning á nýjum stafsmanni.
- 18. júlí. Kæra Umhverfisstofnunar vegna útgáfu á starfsleyfi fyrir Drimlu Laxasláturhús. Greinargerð heilbrigðisfulltrúa.
- 19. september. Kæra Umhverfisstofnunar til úrskurðar ráðherra vísað frá, fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 lögð fram.
- 12. desember. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 var samþykkt af sveitarfélögum og skipting kostnaðar send út til sveitarfélaga.

Tafla 2. Afgreiðslur heilbrigðisnefndar eftir árum

Heilbrigðisfulltrúum, í umboði heilbrigðisnefnda, ber að framfylgja ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæðum laga um matvæli ásamt öllum reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heilbrigðisfulltrúar sinna öllu daglegu heilbrigðiseftirliti á svæðum nefndanna, afgreiða mál og umsagnir í umboði þeirra með fyrirvara um samþykki nefndarinnar. Milli funda er unnið í samráði við formann heilbrigðisnefndar.

Tafla 2 Afgreiðslur heilbrigðisnefndar.

Afgreiðslur heilbrigðisnefndar eftir árum											
	2024	2023	2022	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014
Fjöldi funda	5	4	5	5	5	6	5	5	6	5	4
Starfsleyfi	58	52	69	56	66	47	36	55	63	47	37
Skráning	11	19									
Tímbundin starfsleyfi	2		5	6	3	3	3	1	3	3	4
Brennuleyfi	17	2	8	19	8	19	27	21	25	25	20
Tóbakssöluleyfi	3	3	5	9	7	5	3	13	9	3	3
Undanþágur vegna sölu á tóbaki	5	3	14	14	6	1	13	8	8	5	18
Umsagnir um tækifærisleyfi	34	44	29	13	16	35	41	36	29	33	39
Umsagnir um rekstrarleyfi	12	19	21	23	35	24	36	30	64		
Umsagnir um skipulagsmál	24	23	30	16	30	24	29	29	20	30	13
Dagsektir	1	1									
Áminningar	5	7	3	1	4	24	8	9		4	23

Hlutverk

Hlutverk heilbrigðiseftirlits er viðamikið og skiptist í eftirlit með hollustuháttum s.s. leiksvæðum, skólum og sundlaugum, matvælaeftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla og mengunar- og umhverfiseftirlit t.d. með verkstæðum og almennri umgengni. Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengðu umhverfi. Tilgangur matvælalaga er að tryggja sem kostur er gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Heilbrigðiseftirlitið vinnur í almannapágu að því m.a. að tryggja heilnæmi umhverfis og öryggi matvæla. Þetta er gert með reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum og í samvinnu við stjórnvöld og íbúa.

Heilbrigðiseftirlit

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða starfar á vegum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lögum um matvæli nr. 93/1995, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og lögum um tóbaksvarnir nr. 6/2007. Ásamt þeim reglugerðum sem settar eru samkvæmt lögnum, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglugerðum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Eftirlitinu er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum. Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir rekstri embættisins og ber að gæta hagkvæmni í rekstri þess og tryggja að kostnaður sé innan fjárheimilda. Í megindrátum skiptist eftirlitið í þrjá flokka, þ.e. almennt heilbrigðiseftirlit, mengunareftirlit og matvælaeftirlit. Megnið af starfseminni felst í reglubundnu eftirliti þar sem fyrirtæki eru heimsótt og gerðar eru athugasemdir við það sem ekki er í lagi. Athugasemdum eða kröfum um úrbætur er komið á framfæri við viðkomandi aðila í viðtölum og eftirlitsskýrslur eru sendar með tölvupósti úr eftirlitskerfi. Ef ítrekuðum kröfum er ekki sinnt á viðunandi hátt er málið lagt fyrir heilbrigðisnefnd til meðferðar og heilbrigðisfulltrúi sér síðan um að úrskurði nefndarinnar sé framfylgt. Þannig eru mál einstakra fyrirtækja ekki tekin fyrir í heilbrigðisnefnd nema um sé að ræða vafaatriði eða ef eftirlitspoli sinnir ekki úrbótum.

Hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða starfa þrír starfsmenn í fullu starfi. Anton Helgason, framkvæmdastjóri, og Hlynur Reynisson, staðgengill framkvæmdastjóra, eru báðir með menntun í líffræði. Á árinu bættist við nýr heilbrigðisfulltrúi, Jón Pétur Einarsson, lyfjafræðingur að mennt. Allir starfsmenn eftirlitsins hafa tilskilin réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúar.

Kostnaður við heilbrigðiseftirlit


Tekjur sveitarfélaga vegna eftirlitsgjalda eru ekki skattstofn heldur þjónustugjald og því er óheimilt að taka hærra gjald en sem nemur eðlilegum og nauðsynlegum kostnaði við viðkomandi þjónustu. Einungis má innheimta eftirlitsgjöld fari eftirlit fram. Þess ber að geta að tíðni eftirlits er mjög mismunandi eftir fyrirtækjaflokkum. Þannig er töluvert af fyrirtækjum sem fá eftirlit á fjögurra ára fresti. Í gjaldskrá eftirlitsins er gert ráð fyrir árlegu eftirlitsgjaldi og er kostnaði við hverja heimsókn deilt niður á fjögur ár hjá þeim sem fá eftirlit á fjögurra ára fresti. Á það skalt bent að fyrirtæki og stofnanir eru ekki jafnt dreifð á sveitarfélögin. Þjónustugjöldin eru því fyrst dregin frá heildarkostnaði áður en kostnaðinum er skipt á sveitarfélögin. Fámenn sveitarfélög, þar sem þjónusta við ferðamenn er mikil s.s. sundlaugar og hótél sem þurfa mikið eftirlit, eru því með hátt gjald í gjaldskrá, og þar er því hlutfallslegur heildarkostnaður meiri á hvern íbúa. Heilbrigðiseftirlitið tók að sér umsjón og innheimtu eftirlitsgjalda á árinu 2024.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða ársreikningur 2024

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða fjallaði um og samþykkti þann 15. febrúar 2025 endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2024.

Heildar rekstrarkostnaður og stofnkostnaður var kr. 62.889.577. Eftirlitsgjöld voru kr. 38.337.443.





Kostnaður við eftirlitið er greiddur með eftirlitsgjöldum, þjónustutekjum, leyfisgjöldum og framlögum sveitarfélaga sem voru 35% af heildarkostnaði. Sértekjur og leyfisgjöld kr 3.780.490.

Á starfssvæði heilbrigðiseftirlits voru 572 eftirlitskyldir aðilar í árslok 2024, þeir voru heimsóttir í 257 eftirlitsferðum á árinu 2024.

Fyrirtæki fá oft matvælaeftirlit, hollustuháttaeftirlit og umhverfiseftirlit í sömu ferð. Til dæmis við eftirlit í hótél sem ekki er í þéttbýli, þá er matvælaeftirlit með vatnsbólí og veitingasölu, hollustuháttaeftirlit með veitingasal, gistiherbergjum og starfsmannaaðstöðu og umhverfiseftirlit með rotþró og meðhöndlun úrgangs.

Niðurstöður sýnatöku 2024

Heilbrigðiseftirlitið tekur reglulega sýni af neysluvörum og neysluvatni til að meta örverufræðilegt ástand þeirra. Tíðni sýnatöku af neysluvatni er ákveðin í reglugerð. Markmiðið með sýnatökunni er að tryggja öryggi þeirra vara sem eru í boði. Sýnin eru send til Matís ohf. þar sem framkvæmd er bakteríuræktun. Við ræktunina er einkum leitað að vísibakteríum eins og kólí- og saurkólíbakteríum, en tilvist þeirra bendir til mögulegs óþrifnaðar eða saurmengunar. Ef þessar bakteríur finnast, má ætla að hættulegri sýklar gætu einnig verið til staðar. Niðurstöður eru metnar út frá fyrirfram skilgreindum stöðlum sem fara eftir tegund vörunnar.

Tafla 3 niðurstöður sýnatöku 2024

Niðurstöður sýnatöku 2024				
	Fjöldi sýna	Stenst	Stenst ekki	
Neysluvatn	123	96	27	skv. reglugerð 536/2001
Heildarefnagreining á neysluvatni	4	4		skv. reglugerð 536/2001
Baðvatn	14	11	3	Skv. reglugerð 814/2010 eða 460/2015
Fiskvinnslur ís	3			skv. reglugerð 536/2001
Annað				Ekki metið

Á árinu 2024 voru tekin 144 sýni þar af 123 sýni af neysluvatni. Af þeim stóðust 27 sýni ekki kröfur. Baðvatnssýni voru 14. Hjá ferðaþjónustufyrirtækjum voru tekin neysluvatnssýni hjá 52 aðilum, af þeim voru 17 sýni sem ekki stóðust kröfur. Tekin voru 11 sýni frá vatnsveitum kúabúa, af þeim var 1 sem ekki stóðst kröfur. Hjá vatnsveitum þéttbýlisstaða voru tekin 69 sýni og af þeim voru 8 sýni sem ekki stóðust kröfur. Vatnssuða er auglýst ef E.coli mælist í neysluvatni. Ef vatn stenst ekki kröfur vegna gerlafjölda við 22°C eða kólí gerla er ekki gerð krafa um vatnssuðu en sýnataka aukin.

Heildarefnagreining á neysluvatni var gerð frá fjórum vatnsveitum. Patreksfirði, Bíldudal, Bolungarvík og Ísafirði.

Eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum er samkvæmt reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja öruggt nærumhverfi og forvarnir, með áherslu á að vernda og viðhalda lýðheilsu og heilnæmum lífsskilyrðum viðkvæmra hópa og almennings. Þeir staðir sem flokkast undir almennt heilbrigðiseftirlit eru t.d. baðstaðir, íþróttahús, skólar og leikskólar, gististaðir, hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, nudd- og snyrtistofur og íbúðarhúsnæði.

Með gildistöku nýrrar reglugerðar hefur verið innleitt nýmæli sem felst í að öll starfsleyfi skulu auglýst í 30 daga áður en þau eru gefin út. Þetta hefur í för með sér verulega lengingu og aukna flækjustig í starfsleyfisferlinu.

Auk þess hefur verið gerð breyting á reglum um snyrtingar. Þar sem snyrtingar fyrir karla og konur eru aðskildar skal nú einnig tryggja að kynhlutlaus snyrting sé til staðar.

Skipulögð afþreyingarstarfsemi fellur nú undir heilbrigðiseftirlit samkvæmt reglugerð nr. 903/2024. Í reglugerðinni er slíkt skilgreint sem atvinnustarfsemi þar sem boðin er fram eða seld afþreying sem krefst sérstaks búnaðar og sérhæfðrar þekkingar, meðal annars í tengslum við öryggismál. Afþreyingin getur bæði verið staðbundin eða felld undir skipulagðar ferðir.

Þörf er á frekari skýringum á því hvaða starfsemi fellur nákvæmlega undir þessa skilgreiningu. Dæmi um slíka starfsemi gætu verið: Rekstur golfhermis, Leiga og skipulagðar ferðir með reiðhjólum og fjórhjólum, gönguferðir og kajakferðir, hvalaskoðun og útsýnisflug, leiðsagðar rútuferðir (t.d. norðurljósaferðir, Gullni hringurinn) og köfun og önnur útivistarstarfsemi.

Mikilvægt er að samræma túlkun og framkvæmd eftirlits milli landshluta, þannig að sambærileg starfsemi sé ekki metin starfsleyfis skyld á einu svæði en ekki öðru. Eðlilegt er að ólík skilyrði gildi fyrir ólíka tegund af starfsemi, en jafnframt þarf skýrar leiðbeiningar og heildstæða túlkun frá stjórnvöldum.

Það hefur reynst erfitt að fá skýr svör frá Umhverfisstofnun og viðkomandi ráðuneyti varðandi ýmsa þætti nýrrar reglugerðar, sem veldur óvissu bæði hjá heilbrigðiseftirliti og rekstraraðilum.



Raki og mygla

Heilbrigðiseftirlitið fær allnokkrar fyrirspurnir varðandi raka og myglu í íbúðarhúsnæði og má eflaust rekja það til mikillar umræðu í þjóðfélaginu. Við bendum fólki á að þar sem finnst sveppur þarf að lagfæra leka, þurrka upp raka og auka loftun t.d. með því að opna glugga. Síðan bendum við á að raka og myglu þarf að þrifa með sápu. Ef um skemmdir vegna raka er að ræða þarf að skipta út skemmda efni, þrifa upp með sveppadrepandi efni og mála síðan yfir. Það þarf að fara varlega í upphafi við þrif, þ.e. væta þarf mygluna í byrjun þannig að minna fjúki út í loftið af gróum og henda tuskum að notkun lokinni. Þurrka þarf síðan ryk af öllu í húsnæðinu eftir að búið er að hreinsa út. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar eru ágætar [leiðbeiningar](#) um raka og myglu. Skólahúsnæði á Vestfjörðum hefur ekki farið varhluta af myglu, verkfræðistofan Efla skoðaði skólahúsnæði og í kjölfarið var þremur skólum lokað þ.e. Bíldudalsskóla, Hólmavíkurskóla og Suðureyrarskóla en í öðrum skólum voru nemendur færðir til. Orsakir má oftast rekja til þess að viðhaldi og loftræstingu er ekki sinnt.

Sund og baðstaðir

Kröfur til sund- og baðstaða fara eftir tveimur reglugerðum, annarsvegar reglugerð nr. 814/2010 um sund- og baðstaði og reglugerð um baðstaði í náttúrunni nr. 460/2015. Í reglugerðum er tekið á þeim þáttum sem snúa að öryggi gesta, það er gæslu, búnaði og síðast en ekki síst heilnæmi baðvatns. Aldrei má gleyma því ábyrgðarhlutverki sem felst í laugargæslu, en skv. reglugerðinni þurfa t.a.m. ávallt að vera 2 starfsmenn á vakt en hægt er að sækja um undanþágu frá því ákvæði ef meðal gestafjöldi er undir 10 á ársgrundvelli á því tímabili sem um ræðir. Komi 20 gestir í laug með undanþágu frá laugargæslu þarf að kalla til auka starfsmann. Þjálfun starfsfólks skiptir gríðarlegu máli og hafa miklar framfarir orðið meðal rekstraraðila sundlauga þegar kemur að þjálfun og hafa langflestar laugar á svæðinu

sent alla sína starfsmenn í hæfnispróf. Annað mikilvægt atriði við rekstur sundlauga er heilnæmi baðvatns, en með aukinni aðsókn eykst álag á hreinsivirki sundlauga. Því er mikilvægt að klórstyrkur baðvatns sé mældur 2svar á dag að lágmarki og styrkur hans sé ávallt á því bili sem kveðið er á um í reglugerðinni. Sjúkdómar, þar á meðal mjög alvarlegir, geta borist með baðvatni en þeir algengustu eru sýkingar í slímhimnum (augum, eyrum, hálsi og nefi), sárum og rispum á húð.

Reglugerð nr. 460/2015 tekur á baðstöðum í náttúrunni. Markmið hennar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrunni. Til að laug flokkist sem náttúruleg þarf laugin og bakki hennar að vera mynduð frá náttúrunnar hendi. Náttúrulegar flokkast í þrjá flokka. Þar sem rekstur er annað hvort reglubundinn eða tilfallandi er flokkað í tvo flokka. Þeir flokkar eru starfsleyfis skyldir hjá okkur. Til að gæta öryggis á þeim stöðum þarf að liggja fyrir neyðaráætlun, viðbragðsáætlun, öryggisbúnaður og þjálfun starfsfólks. Taka skal 10 sýni á ári úr laug í flokki 1 en tvö sýni á ári úr laug í flokki 2. Mörk saurkólí baktería eru töluvert rýmri en miðað hefur verið við í reglugerð um fráveitur og skólp. Aftur á móti má ekki vera til staðar *p.aeruginosa* baktería en sú baktería er tiltölulega algeng í þeim sýnum sem við höfum verið að taka. Heilbrigðisnefnd getur heimilað eða fyrirskipað sótthreinsun, til að draga úr gróðurmyndun og fyrirskipað sótthreinsun á vatni hafi gerlafjöldi mælst endurtekið yfir hámarksgildum. Í flokki 3 eru laugar þar sem enginn rekstur er.

Sé rekstur náttúrulegs baðstaðar framseldur frá ábyrgðaraðila, s.s. frá landeiganda til ferðabjónustuaðila, skal fylgja starfsleyfisumsókn samningur sem kveður á um ábyrgð hvors aðila um sig gagnvart rekstrinum og ákvæðum sem um hann gilda í reglugerðum og starfsleyfi. Rekstraraðili náttúrulegra baðstaða í 1. og 2. flokki skal bera kostnað af sýnatöku og uppsetningu sérstakra merkinga. Þegar sýrustig er utan viðmiðunargildis skal heilbrigðisnefnd sérstaklega huga að efnainnihaldi vatnsins með tilliti til öryggis baðgesta. Sótt hefur verið um starfsleyfi fyrir eina náttúrulega, við Laugarhól. Reglugerð um baðstaði er nú til heildarendurskoðunar hjá ráðuneyti. Ljóst er að mikil hætta stafar af böðum í óklóruðum laugum þar sem oft er lítil eða engin aðstaða fyrir gesti til að þvo sér með sápu, áður en gengið er í sameiginlega laug. Slíkt er sóðaskapur og getur leitt til útbreyðslu hættulegra sjúkdóma.

Mengunar og umhverfiseftirlit

Hreinsun á lóðum og lendum -númerslausir bílar og lóðahreinsanir

Undanfarin 32 ár hefur heilbrigðiseftirlitið límt áminningu á númerslausar bifreiðar og bílflök að ósk einstakra sveitarfélaga og reikningur sendur viðkomandi sveitarfélagi sem hefur síðan séð um framkvæmdina. Þetta er gert með vísan í reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024 gr. 18, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023 gr. 14 og reglugerð um úrvinnslu ökutækja nr. 303/2008. Að fresti liðnum tekur eftirlitið stjórnvaldsákvörðun um að fjarlægja viðkomandi bifreið. Framkvæmdin þ.e. að fjarlægja bifreið og geyma í tilskilinn tíma hefur verið framseld til sveitarfélaga. **Oft hefur eftirfylgni ekki verið sinnt.** Í vor og sumarbyrjun 2024 lagði heilbrigðiseftirlitið áherslu á umhverfiseftirlit. Númerslausir bílar og bílhæ er sá úrgangur sem fólk skilur helst eftir á almannafæri. Við vitum ekki hvað er að - er þetta aðskilnaðarkvíði sem hrjáir fólk eða ofmat á eigin getu til viðgerða. Við línum rauða

miða á þá bíla sem eru á lóðum sveitarfélaga og á almannafæri, en fyrst gulan og síðan rauðan á bíla á einkalóðum og lóðum fyrirtækja. Flestir eigendur bregðast við ábendingu heilbrigðiseftirlits og fjarlægja eða koma bílum í úrvinnslu eða förgun. En einstaka einstaklingar hafa verið með leiðindi við þá verktaka sem sjá um að fjarlægja, það er illt til afspurnar ef leita þarf út fyrir svæðið að verktökum í þessi þrifaverk. Árið 2024 var límt á 154 bíla. Nánari útlistun á álímingum er í töflu hér fyrir neðan. Athuga ber að verklagið er tímafrekt með miklu utanumhaldi.

Tafla 4 Límt á bíla

Þéttbýli	fj.
Bolungarvík	22
Flateyri	31
Þingeyri	7
Hnífsdalur	8
Ísafjörður	41
Súðavík	17
Strandabyggð	22
Patreksfjörður	6
Samtals	154

Sveitarfélög skulu tryggja aðgang að söfnunar- eða móttökustöð fyrir úr sér gengin ökutæki. Skráður eigandi ökutækis skal skila úr sér gengnum ökutæki til söfnunar- eða móttökustöðvar sem hefur stafsleyfi til að meðhöndla slíkan úrgang. Þegar eigandi hefur skilað ökutæki og afskráð fær hann greiddar 30.000 kr. úr Úrvinnslusjóði. Stefnt skal að endurnotkun eða endurnýtingu á 95% af úr sér gengnum ökutækjum. Við undirbúning undir endurvinnslu þarf að tæma alla vökva af tækjum og fjarlægja það sem telst til spilliefna, rafgeyma og dekk. Að lokum eru ökutækin send í tætingu þar sem málmar og annað er skilið frá. Málmarnir eru síðan endurnýttir í málmbæðslum erlendis.

Hvalreki



Kynntar hafa verið ný uppfærðar verklagsreglur um hverjir skuli hafa aðkomu ef hval rekur á land. Landeigandi er eigandi þess sem rekur á land hans, t.d. hvala, sela, fiska og rekaviðs, nema lög mæli fyrir um annað, sbr. 1. kap. rekabálks Jónsbókar. Samkvæmt því er hvalur sem rekur á land í eigu viðkomandi landeiganda, hvort sem er að ræða ríki, sveitarfélag eða einkaaðila. Almenn gildir að allt sem rekur á land fellur í hlut viðkomandi landeiganda, sbr. rekaviður, netadræsur og allskyns rusl. Landeiganda ber skylda til förgunar á hvalhræi með þeim leiðum sem nefndar eru hér að neðan, ef heilbrigðiseftirlitið metur það nauðsynlegt. Þegar landeigandi hyggst farga hvalshræi skal styðjast við neðangreint verklag við förgun. Þar sem hvalshræ er ekki skilgreint sem úrgangur er heimilt að urða hræið án starfsleyfis. Tilkynna þarf til lögreglu ef hval rekur á land. Verklagsreglurnar í heild eru [hér](#). Mat heilbrigðiseftirlits Vestfjarða er að í fæstum tilfellum sé ástæða til að fjarlægja dýr sem rekur á land, en það tekur u.þ.b. ár að brotna niður við náttúrulegar aðstæður við brimótta strönd. Þau hræ sem hafa verið dregin á flot með þeim ásetningi að sökkva þeim hefur iðulega rekið á land á annarri strönd. Lyktarmengun og hætta stafar af hvalrekum þar til maginn hefur sprungið.



Starfsleyfi vegna fráveitu

Tekin var saman losun í fráveitu fyrir árið 2024. Samtals losun frá Vestfjarðasvæði er 33.382 pe árið 2024. Skýrsla um losun er tekin saman á þriggja ára fresti. Losun frá íbúum er um 7.500 pe, ferðaþjónusta er með óverulega losun en megnið af losuninni kemur frá atvinnurekstri, mjólkurvinnslu (3.509 pe), fiskvinnslu (3.896 pe), rækjuvinnslu (11.487 pe) og laxasláturhúsum (3.452 pe). Heilbrigðiseftirlit hafa vakið athygli á því að mögulega séu ákvæði um að fyrirtæki hreinsi skólp frá sér ekki nægjanlega skýr og erfitt að framfylgja þeim. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 hefur í þó nokkur ár verið til endurskoðunar en því miður ekki verið klárað. Í drögum þeirrar endurskoðunar er grein um iðnaðarskólp.

Drög: 12. gr. Iðnaðarskólp. Iðnaðarskólp, sem veitt er í fráveitu fyrir þéttbýli, skal forhreinsað eins og þörf er á til að vernda heilsu starfsfólks sem vinnur við fráveitur og einnig til að tryggja að fráveita verði ekki fyrir skemmdum, að hreinsun skólps truflist ekki, að hægt sé að meðhöndla seyru eða farga á öruggan hátt og að skólpið spilli ekki umhverfinu. Sjá leiðbeinandi skrá yfir þætti sem spillt geta fráveitubúnaði og/eða virkni hreinsibúnaðar ásamt leiðbeinandi viðmiðunargildum fyrir þá í viðauka V. Kröfur í samræmi við framangreind ákvæði skal taka upp í starfsleyfi starfsleyfisskylds atvinnurekstrar.

Iðnaðarstarfsemi þar sem fellur til skólp sem leitt er í eigin fráveitu er háð ákvæðum um hreinsibúnað í starfsleyfi. Það verður að koma vilji frá stjórnvöldum að koma þessum hlutum í lag og varla hægt að bíða lengur með að reglugerðin verði gefin út.

Mikilvægt er að fráveitur sveitarfélaga séu með formleg starfsleyfi, en ef þau geta ekki uppfyllt kröfur í reglugerðum þá þarf að sækja um undanþágur hjá ráðuneyti. Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi vegna fráveitu- og hreinsibúnaðar sem notaður er við meðhöndlun, hreinsun og losun á skólpi frá þéttbýli. Frá Umhverfisstofnun hefur sú túlkun fengist að starfsleyfi skuli gefa út þótt fráveitan hafi ekki uppfyllt kröfur fráveitureglugerðar um hreinsun fráveituvatns. Túlkun Umhverfisstofnunar á 8. tl. í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem hefur í för með sér mengun segir að „það feli í sér að allar fráveitur frá þéttbýli séu háðar starfsleyfi þótt ekki sé búið að setja dælu- og hreinsibúnað við útrásir, sbr. orðalagið: Skólphreinsistöðvar, útrásardælustöðvar og fráveitur.“ (Bréf frá UST dags 19.6.2013). Ísafjarðarbær og Bolungarvík hafa starfsleyfi fyrir fráveitur sveitarfélagsins skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 789/1999.

Loftlagsmál

Á Vestfjörðum hefur lítið fundist af heitu vatni, því hefur skapast sérstakt ástand vegna skerðinga hjá Landsvirkjun. Afleiðingarnar koma harkalega niður á Vestfjörðum þar sem skerðanleg raforka á svæðinu er notuð til húshitunar. Vestfirðir eru svokallað kalt svæði þar sem jarðhiti er ekki til staðar. Fjarvarmaveitur eru keyrðar á olíu í stað rafskautakatla þegar Landsvirkjun skerðir orku. Að auki er starfsemi sundstaða sem nota skerðanlega orku takmörkuð. Vegna skerðinga rafmagns frá Landsvirkjun eru sveiflur í olíunotkun miklar milli ára. Skerðingar Landsvirkjunar á rafmagni stóðu yfir í 110 daga og á þeim tíma voru brenndir 3,5 milljón litrar af olíu til að halda rafkyntu hitaveitunum gangandi.


Tafla 5 Olíubrennsla vegna rafhitunar og rafmagnsframleiðslu

Ár	Olíunotkun til húshitunar og rafmagnsframleiðslu
2021	210.000 ltr
2022	2.100.000 ltr
2023	380.000 ltr
2024	4.161.000 ltr

Brennuleyfi

Þann 8. desember sl. tók gildi breyting á reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Með breytingunni var brennum, sem eru 100m³ og stærri bætt í listann yfir skráningarskyldan atvinnurekstur. Þetta stýttir málsmeðferð hjá heilbrigðiseftirliti og ekki þarf að auglýsa þær brennur. Ef gefa á út starfsleyfi þarf að auglýsa það í 30 daga. Flugeldasýningar er starfsemi sem er skráningarskyld. Því fellur fyrri auglýsingarskylda niður. Misræmi er á milli laga og reglugerða varðandi stærð brenna. Starfsleyfi heilbrigðiseftirlits eða skráning er forsenda fyrir því að sýslumaður gefi út leyfi fyrir brennum. Í lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum nr. 40/2015 er í 5. gr. gert ráð fyrir starfsleyfi eða skráningu hjá heilbrigðiseftirliti nema brennan sé minni en 1m³. Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er gert ráð fyrir að heilbrigðisnefnd gefi út starfsleyfi fyrir brennur sem eru stærri en 100m³, þarna er misræmi á milli laga sem þarfnast úrbóta. Brennur stærri en 100m³, eru rísa stórar, t.d. brennur sambærilegar við Mýraboltabrennuna sem brann í viku eftir að slökkt var í henni.



Eftirlitsverkefni 2024

Áfram var haldið með eftirlitsverkefni á matvælasviði sem beindist að skelfiski á veitingahúsum og verslunum. Skelfisk má einungis markaðsetja frá viðurkenndum framleiðendum. Vinsældir skelfisks hafa aukist undanfarin ár. Gamla máltekið að „lepja dauðann úr skel“ bendir til að hættan af neyslu á skelfiski hafi verið landsmönnum kunn fyrir á öldum. Eitraðir svifpörungar geta blómstrað á tímabilinu frá maí og fram eftir hausti, sem er einmitt það tímabil sem ferðamenn sækja landið heim. Skelfiskurinn lifir á svifpörungum en safnar í sig eitrunu án þess að það hafi áhrif á þá. Um þrenns konar eitrun er að ræða:

PSP eitrun (paralytic shellfish poisoning). Veldur truflun á taugaboðum, doða í andliti og útlimum og getur valdið lömun og/eða öndunarerfiðleikum. Eitrunar verður vart fljótlega eftir neyslu eitraðs skelfisks.

DSP eitrun (diarrhetic shellfish poisoning). Veldur ógleði, uppköstum, þrautum í kviðarholi og niðurgangi. Verður vart skömmu eftir neyslu eitraðs skelfisks.

ASP eitrun (amnesic shellfish poisoning). Áhrif koma fram nokkrum dögum eftir neyslu eitraðs skelfisks og einkennast af ógleði, niðurgangi og minnisleysi. (<https://www.mast.is/is/skelfiskur-a-veitingastodum>)

Að auki hafa þungmálmur tilhneigingu til að safnast upp í síurum eins og kræklingi og hörpuskel. Sérstaklega hefur kadmíum í umhverfinu verið til vandræða. En kadmíum er þungmálmur og getur valdið nýrnabilun og aukið hættu á krabbameini í nýrum.

Framleiðendur skelfisks vakta eitraða þörunga og þörungaeitur í skelfiski skv. fyrirmælum Matvælastofnunar sem veitir framleiðendum uppskeru heimildir. Strangar reglur gilda og því mikilvægt að allir fari eftir þeim reglum sem fylgja þarf. Ríki Evrópu, þar sem hefð er fyrir neyslu á kræklingi og skelfiski, hafa mótað sín eftirlitskerfi til að vernda heilsu neytenda. Ísland fékk ávirðingar frá eftirlitsstofnun Evrópu ESA þar sem þeim þótti reglufylgni við eftirlit með lifandi samlokum ekki sannfærandi. Við þessu hefur verið brugðist með vöktun framleiðenda á ræktunarsvæðum og auknu eftirliti heilbrigðiseftirlits á markaði.

Kostnaður framleiðanda við vöktun er verulegur, vanda þarf alla keðjuna frá uppskeru á borð neytanda. Krafa er á seljendur og veitingastaði sem bjóða upp á krækling að geyma umbúðir í 60 daga, því ef eitthvað óhapp hendir þarf að vera hægt að rekja ferilinn. Benda verður á að kæling og suða hafa engin áhrif á þörungaeitur og þungmálma.



Um eftirlit með matvælum fer samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Matvælaeftirlit felst í eftirliti með framleiðslu, dreifingu og sölu á matvælum til að tryggja heilnæm og ómenguð matvæli. Þannig skal staðið að framleiðslu og dreifingu matvæla að þau valdi ekki heilsutjóni og að ekki sé beitt blekkingum í viðskiptum með þau. Vakin er athygli á að neysluvatn flokkast sem matvæli og þarf því að lúta sömu lögmálum. Matvælalöggjöf Evrópusambandsins hefur nú verið innleidd, þ.e. reglugerð EB nr. 178/2002. Hagsmunir neytenda eru þar settir í öndvegi og munu reglur um rekjanleika matvæla leika stórt hlutverk. Með þeim mun verða mögulegt að rekja feril matvæla á öllum stigum framleiðslu og dreifingar. Ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila gagnvart neytendum matvæla er dregin skýrt fram. Matvælastofnun samræmir viðbrögð við vörum á markaði og tekur við tilkynningum frá heilbrigðiseftirlitum og gagnabönkum um matvörur sem ekki

standast kröfur og fundist hafa á markaði. Er þá tilkynning um sölustöðvun eða innköllun matvæla send út á eftirlitssvæðin.

Eftirlit með neysluvatni er umfangsmesta matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Á skrá eru 10 vatnsveitur fyrir 20 – 3.000 íbúa og 22 einkavatnsveitur. Þessu til viðbótar eru fjölmargir þjónustuaðilar til sveita þar sem boðið er upp á vatn t.d. gisting, ferðamannastaðir, tjaldstæði o.fl. Heilbrigðiseftirlitið hefur fylgst með eins og kostur er, að neysluvatn sé í lagi eða að lágmarki að gestir séu varaðir við með auglýsingu, sem heilbrigðiseftirlitið krefst að sé hengd upp, þar sem neysluvatn hefur ekki staðist kröfur. 183 fyrirtæki eru skráð á svæðinu sem matvælafyrirtæki, þau voru heimsótt í 114 eftirlitsferðum.

Skýlt er að leggja fram landsbundna eftirlitsáætlun til margra ára (LEMA), samkvæmt 109. gr. reglugerðar (EB) nr. 2017/625 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé framfylgt. Reglugerðin var innleidd á Íslandi með reglugerð nr. 234/2020. Eftirlitsáætlunin er liður í að framfylgja löggjöf sem fellur undir svið reglugerðarinnar og vakta og sannprófa að stjórnendur fyrirtækja uppfylli viðeigandi ákvæði löggjafar á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar.

Tafla 6 LEMA landsbundin eftirlitsáætlun með matvælum.

			LEMA-markmið 1: Eftirlit fjöldi			
1.2. Opinbert eftirlit með rekstraraðilum/starfsstöðvum	Fjöldi starfss töðva	Fjöldi eftirlita alls	reglubundinna Aætlað 2024 Áætlun 2024 %			Til skýringa: Flokkun í Áhættuflokkun og Ísleyfi
Ræktun nytjaplantna/matjurta	1	1	1	1	100	
Vinnsla og geymsla aldina og grænmetis	0	0	0		#DIV/0!	Framleiðsla og þökkun
Framleiðsla á jurtaolíu og feiti	1	0	0	0	#DIV/0!	Framleiðsla og þökkun
Framleiðsla á kornvöru, sterkju og sterkjuafurðum	0	0	0	0	#DIV/0!	Framleiðsla og þökkun
Framleiðsla á bakarísvörum og mjölkenndum vörum	2	1	2	1	50	Framleiðsla og þökkun
Framleiðsla á öðrum matvælum	12	8	9	8	89	Framleiðsla og þökkun
Framleiðsla á drykkjarvörum	2		2	0	0	Framleiðsla og þökkun
Heildsala	1		1	0	0	Innflutn., dreifing og flutningur
Smásala	19	14	17	14	82	Innflutn., dreifing og flutningur
Flutningar og geymsla	6		6	0	0	Innflutn., dreifing og flutningur
Veitingasala og -þjónusta	117	60	92	60	65	Stóreldhús og smásalar
Annar (vatnsveitur fara undir-her ekki skýrsla til EMA/EF)	18	123 *	13	46	354	
Önnur matvælastarsemi sem ekki er nægt seja						
Starfsstöðvar sem framleiða snertiefni matvæla						

Endurskoðun á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 7/1998

Árið 2020 réð umhverfis- og auðlindaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið fyrirtækið KPMG til að gera greiningu á opinberu eftirliti heilbrigðiseftirlits. Greiningin byggir á gögnum frá árinu 2019 og samtölum við heilbrigðiseftirlits svæðin 2020. Niðurstöður voru kynntar með skýrslu í maí 2020 en síðan hefur verið unnið í að bæta úr þeim athugasemdum sem KPMG setti fram. Taka þarf fram að KPMG hefur ekki kannað áreiðanleika gagna sem skýrslan byggir á, en könnunin byggir á gögnum heilbrigðiseftirlits fyrir eftirlit árið 2019. Rætt var við framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitssvæða, yfirmenn Umhverfisstofnunar

og Matvælastofnunar, en eingöngu heilbrigðiseftirlit var skoðað. Skýrslan er samantekt á skoðunum stofnana sem þátt tóku. Helsta niðurstaðan er að stærri svæði eru ódýrari í rekstri og tekst betur að uppfylla kröfur. Til að tryggja samræmingu milli svæða þurfa stofnanir ríkisins að leggja frekari áherslu á samræmingarhlutverk sitt. Í framhaldi af skýrslunni var boðað að áfram yrði skoðað fyrirkomulag opinbers eftirlits. Þriggja manna endurhönnunarnefnd var sett á fót á vegum ráðuneytisins. Í nefndinni sátu fyrrverandi starfsmaður Umhverfisstofnunar, fyrrverandi starfsmaður Matvælastofnunar og fyrrverandi bæjarstjóri. Í erindisbréfi er starfshópnum ætlað að koma með tillögur að nýju eftirlitskerfi. Nefndin skilaði og kynnti skýrslu á haustdögum 2023. Matvælaráðherra hefur fengið KPMG til að gera aðra úttekt á opinberu eftirliti – ekki er vitað um að vinna sé í gangi í Umhverfis- og loftslagsráðuneyti en áform um breytingar á fyrirkomulagi hafa ekki verið slegin af.

Heilbrigðiseftirlit er nærþjónusta við íbúa og þar sem til stendur að endurskoða hollustuháttalögin þá er ekki úr vegi að rifja upp sögu heilbrigðiseftirlits í gegnum lagasetningar. Heilbrigðiseftirlit hefur frá upphafi verið á vegum sveitarfélaga, árið 1918 var fyrsti heilbrigðisfulltrúinn ráðinn í fullt starf hjá Reykjavíkurborg. Löggjöf um heilbrigðiseftirlit kemur fyrst fram með lögum árið 1969, þar sem hvert sveitarfélag sinnir eftirliti í sínu umdæmi. Í byrjun voru tilteknar 47 nefndir á 47 svæðum. Einungis stærstu sveitarfélögin réðu á þessum tíma heilbrigðisfulltrúa. Veigamikil breyting varð síðan árið 1981 þegar eftirlitið er svæðisbundið og einn heilbrigðisfulltrúi hvers svæðis starfar sem framkvæmdastjóri. Næsta stóra breyting á hollustuháttalögum kemur árið 1998 þegar svæðisnefndir taka við hlutverki heilbrigðisnefnda og að megninu til, er þá komið það form á eftirlitinu eins og það er í dag. Á liðnum árum hafa verkefni stöðugt verið færð frá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til stofnana ríkisins þ.e. Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

- 2010 - Eftirlit með mjólkurstöðvum, litlum kjötvinnslum og fiskvinnslum fluttist til Matvælastofnunar
- 2013 - Eftirlit með efnavöru flutt til Umhverfisstofnunar við setningu efnalaga
- 2015 - Lítil fiskeldisfyrirtæki undir 200t færð til Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar með lögum um fiskeldi
- 2016 - Eftirlit með pauleldisbúum og lyfjaframleiðslu flutt til Umhverfisstofnunar með breytingu á lögum nr. 7/1998
- 2017 - Heimagisting felld út úr lögum nr. 7/1998
- 2017 - Eftirlit með færanlegum malbikunarstöðvum
- 2025 - Frumvarp í samráði sem ætlað er að færa eftirlitskyldu með virkjunum og orkuveitum frá 1MW frá Heilbrigðiseftirliti yfir til Umhverfis- og orkustofnunar

Eina verkefnið sem hefur færst til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er eftirlit með olíuafgreiðslu í höfnum og lausatönkum olíu árið 2018. Endurhönnunarnefnd á vegum ráðuneytis er enn að störfum og vonast er eftir niðurstöðu nú á vordögum.

Mjög litlar fréttir eru af vinnu endurhönnunarnefndar. En vitað er að forstjórar Matvælastofnunar og Umhverfis- og orkustofnunar hafa lýst sig fylgjandi því sem nefnt er sviðsmynd 3. Þ.e. að allt eftirlit með matvælum færist undir Matvælastofnun (MAST) og eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum fari undir Umhverfis- og orkustofnun. Sveitarfélög missa beint framkvæmdarhlutverk í eftirliti, en stofnanirnar munu sjá um bæði samræmingu og framkvæmd eftirlits á landsvísu. Slíkt miðstýrt eftirlit er eitthvað sem

heilbrigðis-eftirlitssvæðum líst ekki á. Tekin hefur saman listi yfir lögbundin verkefni önnur en reglubundið eftirlit sem eru engu að síður hluti af verkefnum á vegum sveitarfélaganna og mörg þeirra verða það væntanlega áfram, óháð því hvað verður um reglubundið eftirlit sem er borið uppi af eftirlitsgjöldum.

Við skynjum að viðkomandi ráðuneyti og tilsvarandi ríkisstofnanir vilji heldur leggjast á sveif með að ríkið taki reglubundið eftirlit yfir og skilji hitt eftir hjá sveitarfélögunum. Okkur er ekki sama um hvað verður um þessi verkefni og viljum leggja okkar á vogarskálarnar til að niðurstaðan verði sem best fyrir fólkið í landinu.

Við óttumst að kostnaður hækki ef eftirlitið færist til ríkisins svo það eitt sé nefnt. Afstaða sveitarfélaga er ekki ljós.



Þátttaka í grunnnámskeiði í sýnatöku úr jarðvegi og grunnvatni – október 2024

Jón Pétur og Hlynur tóku þátt í grunnnámskeiði í sýnatöku úr jarðvegi og grunnvatni dagana 14. – 15. október 2024. Námskeiðið var haldið af FUMÍS í samstarfi við Umhverfisstofnun og Verkís og fór fram í húsnæði Verkís að Ofanleiti 2 í Reykjavík.

Á námskeiðinu var fjallað um helsta verklag og öryggiskröfur við sýnatöku, með fræðilegum og verklegum hlutum. Kennsla var í höndum sérfræðinga frá NGI og Eurofins. Hluti dagskrár fór fram á vettvangi, þar sem þátttakendur unnu sýnatökur með tilheyrandi búnaði og undir leiðsögn.

Auk námskeiðsins var boðið upp á viðbótarfræðslu 18. október þar sem farið var ítarlega í meðhöndlun sýna eftir töku, val á ílátum, gagnaskráningu og túlkun greiningarniðurstaðna með áherslu á efni á borð við þungmálma, olíuafleiður og PFAS.

Þátttakan veitti mikilvæga innsýn og verklega færni sem nýtist við rannsóknir og mat á mengun í jarðvegi og grunnvatni.

Lokaorð

Samantekt 2024 hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

- Á árinu 2024 voru tekin 144 sýni, af þeim voru 27 sem ekki stóðust kröfur.
- Sveitarfélög á Vestfjörðum greiddu 35% af kostnaði við heilbrigðiseftirlitið.
- Neysluvatn þéttbýlisstaða á að vera 100% í lagi, annað er ekki samþykkt, hvorki af íbúum né samfélaginu. Því þarf að skerpa á innra eftirliti vatnsveitna og læra af þeim tilvikum sem upp koma.
- Neysluvatn í dreifbýli þ.e. ferðapjónusta og kúabú. Skoða þarf hvort vatnsból séu vel lokuð þannig að smit frá yfirborðsvatni berist ekki í vatnsból. Eins þarf að huga vel að því hvort nægjanlegt neysluvatn sé til staðar.
- Baðstaðir í náttúrunni eru allmargir á okkar svæði en erfitt hefur verið að flokka þá eftir náttúrulega reglugerðinni. Óskað hefur verið sérstaklega eftir að reglugerð um baðstaði í náttúrunni verði enduskoðuð.
- Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur það að markmiði að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í ómenguðu umhverfi og matvælum. Heilbrigðiseftirlit þjónar almenningi og umhverfi.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða þakkar gott samstarf við sveitarfélögin, fyrirtæki og almenning og horfir björtum augum fram á veginn og til þeirra verkefna sem bíða okkar á komandi árum.

Bolungarvík í apríl 2025



Anton Helgason
Framkvæmdastjóri



Hlynur Reynisson
Staðgengill frkv.stjóra



Jón Pétur Einarsson
Heilbrigðisfulltrúi